

Nánari upplýsingar fyrir hönnuði, hönnunarteymi vegna hönnunarkerfis fyrir samræmt útlit sýningarbása á vegum Íslandsstofu.

Leitað er að hönnuði eða hönnunarteymi til að þróa hönnunarkerfi, í samstarfi við starfsmenn Íslandsstofu, sem hægt er að nota í fjölbreytilegu kynningarstarfi, á sýningarsvæðum og rýmum af ólíkum stærðum, fyrir ólíkar atvinnugreinar. Hönnunarkerfið þarf að geta staðið án myndefnis, skapa áferð og dýpt á sýningarsvæðum og dregið gesti inn á svæðið.

Verkefnið er að hanna og útfæra einingakerfi sem hægt er að nýta í alþjóðlegu kynningarstarfi Íslandsstofu.

Markmið verkefnisins er að skapa heildræna umgjörð utan um framsetningu sýningarsvæða Íslandsstofu, þvert á áherslur Íslandsstofu í erlendu markaðs- og kynningarstarfi eins og þær eru settar fram í stefnumótun fyrir íslenskar útflutningsgreinar. Þá er einnig mikilvægt að hönnunin sé í samræmi við, og fari vel með, vörumerkjakerfi íslenskra útflutningsgreina.

Hughrifin sem sýningar Íslandsstofu eiga að kalla fram hjá gestum eru:

- Að gestir átti sig strax á að básinn sé á vegum Íslands, ekki einstaks fyrirtækis.
- Að gestir sjái skýrt hvað er verið að kynna, vörur, áfangastaður o.s.frv.
- Básinn þarf að vera einfaldur, áhugaverður og aðlaðandi.
- Að rýmið og það sem í því er endurspegli Ísland, hönnun og hugvit og tækni.

Það er mikilvægt að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við hönnun kerfisins.

- Endurunnin efniviður er æskilegur.
- Kolefnisjafnaður bás ætti að vera takmarkið.
- Taka skal tillit til kolefnisfótspors í flutningum.
- „Zero waste” hugmyndafræðin í forgrunni
- Rafrænt markaðsefni er framtíðin og æskilegt að hætta dreifingu á prentuðu kynningarefni.

Gagnleg atriði sem vert er að hafa í huga :

- Hönnun skal vera skalanleg.
- Möguleiki á skjá/skjám.
- Fundaraðstaða.
- Geymsla.
- Samræmdar merkingar fyrir Ísland
- Merkingar fyrirtækja verða að falla vel að öðrum merkingum
- Húsgögn s.s.: fundarborð, afgreiðsluborð, háborð, stólar, skápar, pallar.

Um Íslandsstofu

Íslandsstofa skipuleggur þátttöku í fjölmörgum vöru- og sölusýningum á erlendri grundu í samstarfi við íslensk fyrirtæki í því skyni að koma á viðskiptatengslum og efla íslenskan útflutning. Árið 2019 tók Íslandsstofa þátt í um 80 erlendum viðburðum. Af þeim voru um 50 vöru- og sölusýningar. Sýningarnar eru helgaðar ólíkum atvinnugreinum, allt frá matvælum til hátækni. Kynningarbásar Íslandsstofu eru af ólíkri stærð og gerð og fjöldi fyrirtækja sem taka þátt er breytilegur.

Árið 2019 vann Íslandsstofa langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning. Við gerð útflutningsstefnunnar voru skilgreindar sex stefnumarkandi áherslur. Íslandsstofa tekur þátt í ólíkum sýningum sem tengjast öllum þessum áherslum, og í sumum tilfellum getur verið um að ræða talsvert ólíkar sýningar innan sömu áherslu. Þær eru:

- orka og grænar lausnir
- hugvit, nýsköpun og tækni
- listir og skapandi greinar
- ferðaþjónusta
- sjávarútvegur
- sérhæfð matvæli og náttúruafurðir

Við gerð stefnumótunar fyrir útflutningsgreinar kom skýrt fram að sjálfbærni væri sá aðgreinandi þáttur sem flest íslensk fyrirtæki telja geta skapað virðisauka fyrir íslenskar útflutningsgreinar til framtíðar. Framtíðarsýn stefnumótunarinnar er því að Ísland verði leiðandi land á sviði sjálfbærni.

Samhliða gerð stefnumótunar var jafnframt unnið samræmt vörumerkjakerfi fyrir íslenskar útflutningsgreinar og markaðsverkefni. Vörumerkjakerfinu er ætlað að skapa samlegðaráhrif í markaðsstarfi á milli ólíkra greina.